

27. september 2011

**Niðurstaða athugunar á Tryggingamiðstöðinni hf.**

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi, með vísan til 1. og 3. mgr. 9 gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998, athugun á fjárfestingum, lánveitingum og viðskiptum Tryggingamiðstöðvarinnar hf. á tímabilinu 17. september 2007 til 30. apríl 2010. Í kjölfar hennar aflaði Fjármálaeftirlitið fyllri gagna í samskiptum við félagið.

Athugun Fjármálaeftirlitsins lauk með skýrslu, sem afhent var félaginu í mars 2011. Þar voru tilgreindar athugasemdir við nokkra þætti í starfsemi félagsins og gerðar voru úrbótakröfur vegna þeirra. Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn félagsins að hún yfirfæri úrbætur og gerði sérstaka grein fyrir því hvort og hvernig gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna þeirra ábendinga og athugasemda sem gerðar voru.

Greinargerð stjórnar barst Fjármálaeftirlitinu þann 7. júní 2011. Þar eru tilgreindar þær úrbætur sem félagið hefur framkvæmt. Fjármálaeftirlitið telur að félagið hafi í öllum tilvikum nema einu brugðist við athugasemdum og ábendingum þess. Það atriði er enn til skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu og verður athugun þess unnin í samstarfi við félagið.

Á grundvelli 9. gr. a í lögum nr. 87/1998 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum.